



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 14. júní 2011

### Breytingar á reglugerðum KSÍ

*-Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga*

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 8. júní sl. breytingar á reglugerðum KSÍ. Breytingin er gerð vegna tilmæla FIFA á lengd félagaskiptatímabils árið 2012 en skv. reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga er núverandi félagaskiptatímabil, frá 21. febrúar til 15. maí, 85 dagar árið 2012 vegna hlaupaárs en tímabilið má aðeins vera 84 dagar.

***Samþykktar voru eftirfarandi breytingar á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga***

Hugtök notuð í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Er svohljóðandi;

10. Félagaskiptatímabil: Tímabilin 21. febrúar - 15. maí annars vegar og 15. júlí - 31. júlí hins vegar

Ákvæði til bráðabirgða fyrir keppnistímabilið 2012 vegna hlaupaárs:

***10. Félagaskiptatímabil: Tímabilin 22. febrúar - 15. maí annars vegar og 15. júlí - 31. júlí hins vegar.***

Ákvæði 10.1.2. hljóðar svo:

10.1.2. Leikmaður getur aðeins gengið til liðs við íslenskt félagslið á tímabilinu 21. febrúar – 15. maí ár hvert, eða á tímabilinu 15. – 31. júlí. Leikmaður getur þó aðeins einu sinni skipt um félag innanlands eftir að hafa leikið í Íslandsmóti eða bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu nema þegar um tímabundin félagaskipti er að ræða sbr. 16. grein.

Ákvæði til bráðabirgða fyrir keppnistímabilið 2012 vegna hlaupaárs:

***10.1.2. Leikmaður getur aðeins gengið til liðs við íslenskt félagslið á tímabilinu 22. febrúar – 15. maí ár hvert, eða á tímabilinu 15. – 31. júlí. Leikmaður getur þó aðeins einu sinni skipt um félag innanlands eftir að hafa leikið í Íslandsmóti eða bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu nema þegar um tímabundin félagaskipti er að ræða sbr. 16. grein.***

Ákvæði 19.6. hljóðar svo:

19.6. Félagaskipti samningsbundinna leikmanna til landsins eru aðeins heimil á tímabilinu 21. febrúar - 15. maí ár hvert og á tímabilinu 15. - 31. júlí.

Ákvæði til bráðabirgða fyrir keppnistímabilið 2012 vegna hlaupaárs:

19.6. Félagaskipti samningsbundinna leikmanna til landsins eru aðeins heimil á tímabilinu **22. febrúar - 15. maí ár hvert** og á tímabilinu 15. - 31. júlí.

**Breytingarnar taka gildi fyrir keppnistímabilið 2012.**

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.  
Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson  
framkvæmdastjóri KSÍ